

99. Til sláturfélags Þaralátursfjarðar	kr. 1500.00	121
100. Til Hallormsstaðaskógar	— 3000.00	30. des.
101. Kostnaður vegna heimssýningar	— 65279.10	
102. Rekstrarhalli kreppulánasjóðs	— 15118.74	
103. Greiðslur samkv. þál. um eftirlit með rafveitum ..	— 1979.75	
104. Greiðslur samkv. þál. um tillag til alþjóðahaf- rannsóknna	— 12578.00	
		kr. 1503410.69

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1. Styrkur til berklavarna:		
a. Til berklasjúklinga	kr. 51961.00	
b. Annar kostnaður	— 16943.47	
2. Styrkur til sjúklinga sbr. lög nr. 78/1936	— 15764.56	
3. Gjöld vegna laga um afstöðu foreldra til óskilget- inna barna	— 2089.66	
4. Gjöld samkv. framfærslulögum frá 1935	— 1462.98	
5. Til alþýðutrygginga	— 114262.63	
8. Til barnaheimila og barnaverndar	— 26082.56	
12. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis ..	— 8621.78	
36. Greiðslur samkv. framfærslulögum nr. 52/1940 ..	— 11550.00	— 248738.64

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld	— 1207366.54
	<u>Samtals kr. 5129572.63</u>

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

122

30. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun,
er sérstaklega stendur á um.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Stjórn Landsbanka Íslands veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. árlega.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands veitist heimild til að greiða árlega eftirlaun, sem hér segir:

- Til Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans og dýrtíðaruppbót að auki.

- 122
30. des.
- b. Til Aðalbjargar Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr. og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.
- c. Til Ólafíu Bjarnadóttur, ekkju Þórðar Sveinssonar bókara, 1800 kr.
- Stjórnnum bankanna er heimilt að borga uppbætur á þessar greiðslur eftir sömu reglum sem gilda um uppbótargreiðslur á laun starfsmanna bankanna á hverjum tíma.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða árlega eftirlaun svo sem hér greinir:

- a. Til Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna.
- b. Til Ólafíu Gísladóttur, ekkju Vilhjálms Þorsteinssonar stýrimanns, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum stýrimanna sinna.
- c. Til Sigurðar Hjálmarssonar stýrimanns 600 kr. og sömu uppbót sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.
- d. Til Gunndóru Benjamínsdóttur, ekkju Tryggva Guðmundssonar, féhirðis Áfengisverzlunar ríkisins, 1200 kr. og sömu uppbót sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.

Færast fjárhæðirnar samkvæmt staflíðum a.—c. á rekstrarreikning Skipauðgerðar ríkisins, en samkvæmt staflíð d. á rekstrarreikning Áfengisverzlunar ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

123
30. des.

L Ö G

um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að tíu milljónum króna, til greiðslu á erlendum skuldum ríkissjóðs. Lánið sé tekið innanlands í innlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.